



Borgarráð

**Efni: Endurskoðuð útgáfuáætlun skuldabréfa september til desember 2023**

Lögð er fram til samþykktar endurskoðuð útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á tímabilinu september til desember 2023:

20. september 2023

18. október 2023

15. nóvember 2023

6. desember 2023

**Greinargerð:**

Útgáfuáætlun er endurskoðuð með hliðsjón af framlagningu á árshlutauppgjörum Reykjavíkurborgar, en sex mánaða uppgjör verður lagt fram og kynnt í borgarráði þann 7. september nk. Útgáfuáætlunin nær frá september til desember 2023.

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán fyrir allt að 21.000 m.kr. samanlagt á árinu. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs eða með öðrum hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum.

Einungis eru ákveðnar dagsetningar fyrirhugaðra útboða en ekkert nánar um hvert útboð. Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs er heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn, svo sem hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út, í hvaða skuldabréfaflokki er boðið út og/eða ákveða hvort farið verði í útboð hverju sinni. Markaðsaðstæður geta breyst ört og nauðsynlegt að stjórnendur sviðsins hafi svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða hverju sinni.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs